


# Aðalfundur 2008



## Flugmódelfélag Suðurnesja

Fundargerð

Aðalfundur settur kl.20:05 í Selinu Njarðvík.

**Mættir:**

*Guðni V. Sveinsson, Magnús Kristinsson, Gunnar M. Magnússon, Guðmar Marelsson, Guðni Sigurjónsson, Magnús Ólafsson, Steinþór Agnarsson, Albert Guidice, Stefán Magnússon, Ólafur Magnússon, Páll Árnason og Sverrir Gunnlaugsson.*

Formaður stakk upp á Sverri Gunnlaugssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt samhljóða af fundarmönnum. Magnús Kristinsson formaður kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár.

Því næst fór Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri yfir reikninga félagsins og voru þeir samþykktir, eftir fjárhagsárið 2007 þá á félagið 373.510 í banka. Gjaldkeri leggur ekki fram tillögu um hækkun á félagsgjöldum, stefnt verður að áframhaldandi aðhaldi í fjármálum félagsins.

Í kjöri stjórnarmanna þá buðu Magnús Kristinsson og Sverrir Gunnlaugsson sig fram til áframhaldandi starfa sem formaður og gjaldkeri, í þeirri röð og fengu þeir rússneska kosningu.

Fyrir lág tillaga að breytingu á þriðju grein laga félagsins og var hún samþykkt.

Undir liðnum önnur mál var rætt um hvort halda eigi stóra flugkomu og bjóða módelmönnum upp á gistingu á svæðinu ef þeir vilja. Samþykkt var að stefna að því árið 2009 en nota þetta ár til undirbúnings. Einnig var rætt um flotflugsaðstöðu, göngustígs mál niður að vatninu og einnig var mótaskrá 2008 kynnt en hana hefur einnig mátt nálgast á netinu síðustu tvo mánuði.

Aðalfundarstörfum slitið kl.20:35

Boðið var upp á veitingar sem stjórnin sá um en einnig mættu nokkrir félagsmenn með góðgæti á fundinn. Með kaffinu var horft á nýklipptan klukkutíma langan vídeóannál frá 2007 sem Sverrir klippti saman úr vídeóefni frá Magga ásamt því sem ljósmyndir sem Sverrir tók á árinu 2007 voru sýndar.

**Sverrir Gunnlaugsson**